



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

3. júlí 2009

Mál nr. E-6173/2008:

Stefnandi: Baldur Örn Guðnason

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Stefndi: Hlutfélagið Eimskipafélag Íslands

(Ólafur Eiríksson hrl.)

Dómari: Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari

Kr. 1.950,-

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júlí 2009 í máli nr. E-6173/2008:

Baldur Örn Guðnason

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Hlutafélaginu Eimskipafélag Íslands

(Ólafur Eiríksson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 19. maí sl., að loknum munnlegum málflutningi, var höfðað fyrir dómþinginu af Baldri Guðnasyni, á hendur H.F. Eimskipafélagi Íslands, með stefnu birtri 10. júlí 2008.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, i) að viðurkenndur verði réttur stefnanda gagnvart stefnda til óskertra launa, orlofslauna og lífeyrissjóðsframlaga frá 1. maí 2008 til og með 28. febrúar 2010 samkvæmt greinum 1,3 og 4 í viðauka dagsettum 20. febrúar 2008 við ráðningarsamning forstjóra HF. Eimskipafélags Íslands frá 20. mars 2007.

ii) að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 56.520 evrur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. júní 2008 að telja til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til vara að stefndi verði sýknað af kröfulið i), en kröfur stefnanda samkvæmt kröfulið ii) lækkaðar verulega.

Þess er krafist bæði hvað varðar aðal- og varakröfu að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, áður en dómur var kveðinn upp.

Málavextir eru þeir, að með ráðningarsamningi dagsettum 20. mars 2007 var stefnandi ráðinn ótímabundið til að gegna starfi forstjóra frá og með 1. mars 2007.

Með bréfi til þáverandi stjórnarformanns stefnda, dagsettu 27. nóvember 2007, sagði stefnandi upp starfi sínu. Óskaði stefnandi eftir því að vera leystur frá störfum fyrir lok desember og að gengið yrði frá starfslokasamningi eins fljótt og kostur væri. Í kjölfar uppsagnarbréfsins átti stefnandi hinn 4. og 14. desember 2007 í tölvupóstsamskiptum við stjórnarformann stefnda og aðra stjórnarmenn hans, m.a. Þór Kristjánsson og Sindra Sindrason. Í tölvupósti þessum boðaði stefnandi að hann mundi einhliða tilkynna uppsögn sína gengi stjórn stefnda ekki í að semja um starfslok hans. Stjórn stefnda setti Magnús Þorsteinsson stjórnarformann af og við formennsku tók Sindri Sindrason hinn 20. desember 2007.

Hinn 20. febrúar 2008 gerðu aðilar með sér viðauka við ráðningarsamning stefnanda, dagsettan 20. mars 2007, en samkvæmt ráðningarsamningi voru laun stefnanda 3.500.000 króna á mánuði.

Með samningi stefnanda og stefnda frá 20. febrúar 2008, sem ber yfirskriftina „Viðauki við ráðningarsamning forstjóra HF. Eimskipafélags Íslands“ og gerður var af lögmanni stefnda, Péttri Guðmundarsyni hrl., hjá Logos lögmannsþjónustu, var samið um starfslok stefnanda.

Í 1. gr. viðaukans er tekið fram að laun samkvæmt ráðningarsamningnum, dagsettum 20. mars 2007, séu 50.000 evrur á mánuði og að þau skuli greiða mánaðarlega í 24 mánuði frá og með 1. mars 2008 til og með 28. febrúar 2010. Laun stefnanda voru greidd mánaðarlega eftir á.

Í 3. gr. viðaukans var kveðið á um að stefndi greiddi í lífeyrissjóð af launum á framangreindu tímabili, eins og kveðið væri á um í 8. gr. ráðningarsamningsins, en samkvæmt nefndu ákvæði bar stefnda að greiða hluta atvinnurekanda af fullum mánaðarlaunum stefnanda, sem í dag er 8% og 10% mótframlag í séreignarlífeyrissjóð.

Í 4. gr. viðaukans er kveðið á um að orlof reiknist af launagreiðslum á tímabilinu. En í ráðningarsamningi stefnanda og stefnda var kveðið á um að stefnandi hefði 30 orlofsdaga á ári, sem svarar til 13,4% orlofslauna.

Í 5. gr. viðaukans er tekið fram að við starfslok nyti stefnandi bónusgreiðslna fyrir árið 2007 og að uppgjör bónusgreiðslna færi fram þegar útreikningur hans lægi fyrir. Eftir uppgjöri bónusársins 2007 ætti stefnandi ekki kröfu til frekari bónusgreiðslna úr hendi stefnda. Kveður stefnandi því ekkert kröfuréttarlegt

samhengi milli þegar gjaldfallins og greidds bónuss stefnda til stefnanda og þeirra krafna sem stefnandi hafi uppi gegn stefnda í máli þessu.

Stefndi greiddi stefnanda laun í mars og apríl 2008 samhliða öðrum greiðslum.

Stefndi kveður, að nokkru eftir að skrifað hafi verið undir viðaukann hafi farið að berast vísbendingar um að stefnandi hefði ekki upplýst stefnda um ýmis atriði í tengslum við rekstur stefnda, sem honum hafi þó borið að gera í forstjóratíð sinni, auk þess sem grunur hafi risið um möguleg mistök hans í starfi. Auk þess hafi komið í ljós við eftirgrennslan formanns stjórnar stefnda, að engir samningar hafi legið fyrir um umrædda launahækkun forstjóra og hún hafi aldrei verið lögð fyrir stjórn félagsins til samþykktar. Virtist því sem stefnandi hefði gefið formanni stjórnar stefnda vísvitandi rangar upplýsingar á fundi þeirra. Vegna þessa trúnaðarbrests, að mati stefnda, hafi stjórn stefnda, tekið þá ákvörðun að taka til gagngerrar skoðunar viðskilnað stefnanda við stefnda, þar með talið forsendur bónusgreiðslna, en fram hafi komið að forsendur fyrir þeim hafi reynst rangar.

Með óundirrituðu ábyrgðarbréfi Heiðrúnar Jónsdóttur, starfsmanns stefnda, dagsettu 30. maí 2008, var stefnanda tilkynnt, að stjórn stefnda hefði ákveðið að skoða viðskilnað stefnanda við stefnda, þar með talið forsendur bónusgreiðslna, en síðan segir í bréfinu: „...en fram hefur komið að forsendur fyrir þeim kunni að hafa reynst rangar. Meðan ítarleg skoðun á því fer fram hefur stjórn félagsins ákveðið að stöðva allar greiðslur til yðar þar til niðurstaða liggur fyrir.“

Með bréfi stefnanda, dagsettu 16. júlí 2008, mótmælti stefnandi stöðvun launagreiðslna og benti á, að þar sem um sanningsbundnar launagreiðslur væri að ræða hefði stefndi engan rétt til að stöðva þær og því síður nota þær til skuldajöfnunar við óvissa bótakröfu og/eða endurgreiðslukröfu vegna þegar greiddra bónusa. Vísaði stefnandi í því sambandi til almennra reglna kröfuréttar um skuldajöfnuð, ákvæði laga nr. 28/1930, um greiðslu verkkaups og aðfararlaga sem undanþiggja launakröfur aðför. Stefnandi veitti stefnda frest til að standa skil á vangreiddum launum fyrir maí til hádegis fimmtudaginn 19. júní 2008. Greiðsla barst ekki fyrir þann tíma og hefur Heiðrún Jónsdóttir, starfsmaður stefnda, ítrekað fyrri afstöðu stefnda í tölvupósti til lögmanns stefnanda hinn 20. júní.

Málið var þingfest hinn 4. september 2008. Stefnandi rifti ráðningarsamningi stefnanda við stefnda, með bréfi, sem birta átti fyrir stefnanda með stefnuvotti hinn 22. september 2008, og degi síðar, eða hinn 23. september 2008, með ábyrgðarbréfi til

stefnanda, þar sem stefndi taldi stefnanda, með framlagningu gagna í málinu, sem merktar voru trúnaðarupplýsingar, hafa brotið trúnað við stefnda, en gögnin hefðu enga þýðingu fyrir málið.

III

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að hann eigi skýlausan rétt til þess að stefndi greiði honum umsamin laun. Stefndi virði ekki þann rétt stefnanda og hafi einhliða ákveðið að hætta launagreiðslum til stefnanda daginn fyrir gjalddaga maílauna. Slíkt háttalag af hálfu stefnda feli í sér brot á samningsskyldum hans gagnvart stefnanda. Stefnandi verði því að fá dóm til viðurkenningar á þeim samningsbundnu réttindum sem hann eigi á hendur stefnda til framtíðar samkvæmt samningnum frá 20. febrúar 2008 og aðfararhæfan dóm fyrir þeim mánaðarlaunum sem séu gjaldfallin og gjaldfalla þar til mál þetta verði dómtekið.

Stefnandi byggir á því, að launakrafa hans verði ekki greidd með skuldajöfnuði, eins og stefndi ætli sér að gera í einhverri óvissri framtíð þegar hann hafi fundið einhverja kröfu til skuldajöfnunar. Byggir stefnandi á því, að ekki skipti máli í þessu sambandi hvort stefndi kalli skuldajöfnunarkröfu sína bóta- eða endurgreiðslukröfu, þar sem að á móti launakröfu launþega á hendur vinnuveitanda geti vinnuveitandi ekki haft neinar kröfur til skuldajöfnunar, nema með samþykki launþega, stefnanda í þessu tilviki. Samþykki stefnanda fyrir skuldajöfnun liggja ekki fyrir og verði ekki veitt.

Stefnandi byggir á því, að bónusgreiðslur til hans frá stefnda hafi tekið mið af rekstrarafkomu stefnda, eins og skýrt sé tekið fram í 4. gr. ráðningarsamningsins. Gjalddagi bónusgreiðslna hafi verið í febrúar og byggist á ársreikningi stefnda, sem stjórn stefnda hafi að lögum skyldu til að semja og leggja fyrir aðalfund stefnda til samþykktar eða synjunar. Þeir ársreikningar stefnda, sem bónusgreiðslur til stefnanda hafi byggst á hafi þegar verið samþykktar af aðalfundum stefnda. Stefnandi kveður stefnda því ekki geta upp á sitt eindæmi rift þegar efnudum samningum um bónusgreiðslur. Telji stjórn stefnda ársreikninga stefnda ranga beri hún ein ábyrgð, þar sem það sé stjórnar stefnda að semja ársreikninga og leggja þá fyrir endurskoðanda til endurskoðunar og síðan fyrir aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Stefnandi verði heldur ekki gerður ábyrgur fyrir því, þótt einstaka fjárfestingar, sem stefndi hafi ráðist í meðan stefnandi hafi verið forstjóri, hafi komið verr út en

ætlað var. Stjórn stefnda beri, vegna reglna um verksskiptingu stjórnar og stjórnenda samkvæmt hlutafélagalögum, ábyrgð á öllum fjárfestingum sem stefndi hafi stofnað til í forstjóratið stefnanda.

Stefnandi bendir á að stjórnarformanni stefnda, Sindra Sindrasyni, og stjórnarmanninum Þór Kristjánssyni hafi verið fullkunnugt um það áður en stefnandi lét af störfum forstjóra, að fjárfesting stefnda í Innovate/UK fæli í sér mikla tapshættu fyrir hann. Stefnandi fái ekki skilið hvers vegna stjórn stefnda hafi þó ekki upplýst um þessa miklu tapshættu fyrr en í júní 2008. Stjórn stefnda hafi engar athugasemdir gert við stefnanda af þessu tilefni þegar hann hafi látið af störfum. Stefnandi hafi hins vegar fengið að vita það frá stjórnarformanni stefnda, Sindra Sindrasyni, í gegnum fjölmiðla nú í júní að Innovate-fjárfesting stefnda hefði verið „big-time“-klúður hjá stjórnendum hans.

Um bótarétt stefnda á hendur stefnanda vegna Innovate-fjárfestingarinnar fari samkvæmt almennum reglum um skaðabætur. Á stefnanda hvíli því sönnunarbyrðin fyrir því að stefnandi hafi bakað stefnda tjóni við framkvæmd starfa sinna í þágu stefnda. Ekki sé nægilegt að sýna fram á að tjón hafi orðið heldur beri tjónþola að sanna að tjónið megi rekja til athafna eða athafnaleysis, að orsakasamband sé á milli athafnarinnar/athafnaleysisins og tjónsins og enn fremur að tjónið sé sennileg afleiðing af sömu athöfn eða athafnaleysi. Stefndi hafi ekki sannað neitt slíkt og eigi því enga bótakröfu á hendur stefnanda.

Stefnandi kveður kröfur sínar í málinu lúta að og byggjast á ótvíræðum og skýrum samningsákvæðum sem stefndi geti ekki breytt upp á sitt eindæmi. Stefndi hafi vanefnt samning sinn við stefnanda og því sé stefnanda nauðsynlegt að fá dóm á hendur stefnda.

Stefnandi sundurliðar fjárkröfu sína með eftirgreindum hætti í stefnu:

Laun til greiðslu 31. maí 2008	kr.	50.000
Orlofslaun 13,04%	kr.	6.520
10% mótframlag í séreignarlífeyrissjóð	kr.	5.652
8% mótframlag vinnuveitanda af 56.520 evrum	kr.	<u>4.522</u>
Samtals evrur		<u>66.694</u>

Stefnandi lækkaði kröfur sínar við aðalmeðferð málsins, og féllst þar með á þá málsástæðu stefnda í greinargerð, að stefnandi ætti ekki aðild að innheimtu kröfunnar

um mótframlag stefnda í lífeyrissjóð á grundvelli ráðningarsamnings stefnanda og stefnda.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um að gerða samninga beri að halda og efna samkvæmt aðalefni sínu, lögum um greiðslu verkkaups nr. 28/1930, lögum um orlof nr. 30/1987, lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og almennum reglum vinnuréttar um launauppgjör.

Kröfu um dráttarvexti byggir stefnandi á 1. og 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr., sbr. 11. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun byggir stefnandi á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

IV

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu aðallega á því, að ráðningarsamningi stefnanda hafi verið rift, en í öðru lagi á því að stefnandi hafi beitt stefnda svikum þegar gerður hafi verið við hann viðauki við ráðningarsamning hinn 20. febrúar 2008, í þriðja lagi byggir stefndi á 33. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936, og í fjórða lagi byggir stefnandi á brostnum forsendum fyrir gerð viðaukans.

Stefndi byggir í fyrsta lagi á því, að ráðningarsamningi við stefnanda hafi verið rift. Geti stefnandi því hvorki byggt rétt sinn gagnvart stefnda á grundvelli hans né viðaukans sem við hann hafi verið gerður. Eins og fram hafi komið í málavaxtalýsingu hafi stefnandi kosið, þrátt fyrir að eingöngu sé um einfalt viðurkenningar- og innheimtumál vegna krafa um laun, orlof og lífeyrissjóðsgreiðslur að ræða, að leggja fyrir dóminn trúnaðarupplýsingar sem tengst hafi starfi hans sem forstjóra stefnda, en hafi ekki haft nokkur áhrif eða þýðingu fyrir mál þetta. Um hafi verið að ræða skjal sem stefnandi sjálfur hafi merkt sem trúnaðarupplýsingar og hann hafi sent stjórnarmönnum í stefnda, auk tölvupóstsamskipta milli stefnda og stjórnamanna og eigenda stefnda, sem einnig hafi að geyma trúnaðarupplýsingar er ekkert erindi hafi haft í málið. Stefnandi hafi ekki talið nóg að leggja umræddar trúnaðarupplýsingar fram í máli þessu fyrir héraðsdóm, sem eitt og sér verði að teljast verulegt brot á trúnaðarupplýsingum stefnanda gagnvart stefnda samkvæmt ráðningarsamningi, heldur hafi stefnandi kosið, sjálfur og/eða með atbeina lögmanns

síns, að sýna og afhenda fjölmiðlum umrædd skjöl. Þar sem um jafn veruleg trúnaðarbrot hafi verið að ræða af hálfu stefnanda og raun beri vitni hafi stefndi rift ráðningarsamningi stefnanda við stefnda, fyrst með bréfi, sem birta hafi átt fyrir stefnanda með stefnuvotti hinn 22. september 2008, og degi síðar eða hinn 23. september 2008, með ábyrgðarbréfi til stefnanda.

Stefndi telur augljóst að stefnandi hafi vanefnt ráðningarsamning sinn verulega, sbr. m.a. ákvæði 10. gr. samningsins, og hafi slík veruleg vanefnd á trúnaðarskyldum í för með sér heimild til handa stefnda til að rifta ráðningarsamningi við stefnanda, sem og hafi verið gert. Beri því að sýkna stefnda.

Stefndi kveður, að þegar aðilar hafi samið um starfslokakjör stefnanda hafi komið í ljós að laun stefnanda, samkvæmt ráðningarsamningi hafi verið 3.500.000 krónur á mánuði. Hafi stefndi því ætlað að leggja þá fjárhæð til grundvallar viðaukanum. Hafi þá komið fram athugasemdir frá stefnanda, sem upplýst hafi formann stjórnar stefnda, Sindra Sindrason, um að frágengin hafi verið launahækkun úr framangreindri fjárhæð í EUR 50.000 á mánuði. Formaður stjórnar stefnda hafi ekki fengið veður af þessari breytingu, en ekki talið þörf á að vefengja upplýsingar frá stefnanda, fráfarandi forstjóra félagsins. Nokkru síðar, er formaður stjórnar stefnda hafi borið viðaukann undir stjórn félagsins, hafi komið í ljós að stjórnin kannaðist ekki við að hafa hækkað laun stefnanda og hafi því aldrei verið tekin ákvörðun í þá veru. Að mati stefnda virðist sem stefnandi því vísitandi haft í frammi ósannindi um kaup sín og kjör hjá félaginu. Hið rétta sé, að stefnandi hafi lagt fyrir Magnús Þorsteinsson og Þór Kristjánsson tillögur sínar að launauppbót helstu stjórnenda félagsins. Þeir hafi verið sammála um að sá rammi sem stefnandi hefði lagt fram skyldi notaður, en óskað eftir því að lögð yrði fram tillaga fyrir launaneftnd. Það hafi ekki verið gert, auk þess sem tillögurnar hafi aldrei verið lagðar fyrir stjórn til samþykktar. Stjórn félagsins hafi því enga ákvörðun tekið um hækkun launa stefnanda og þess að fjárhæð launa hans yrði grundvöllur umrædds viðauka og beri því samkvæmt 30. gr. samningalaga nr. 7/1936, að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Stefndi telur viðaukann ekki vera skuldbindandi, enda hafi stefnandi komið honum á með svikum hvað varðar grundvallaratriði viðaukans og því eina í raun sem ekki verði ráðið af undirliggjandi ráðningarsamningi.

Stefndi byggir sýknukröfu sína einnig á 33. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936, enda óheiðarlegt af stefnanda að bera viðaukann fyrir sig og ósanngjarnt fyrir stefnda væri það gert. Vísar stefndi til málsástæðu sinnar, sem byggð sé á 30. gr. samningalaga nr.

7/1936. Þá segi í 4. gr. ráðningarsamnings stefnanda um bónusgreiðslur, að þær séu tengdar EBITDA félagsins og hækki eftir því sem EBIDTA sé hærri. Fyrir árið 2007 hafi stefnandi fengið greiddar 30.000.000 króna í bónusgreiðslur þar sem áætlun um EBITDA að fjárhæð EUR 130.000.000 hafi náðst. Verði að nefna að í þeirri EBITDA sem náðst hafi, hafi verið tekið tillit til EBITDA Innovate þótt síðar hafi komið í ljós að stefnanda hafi verið ljóst, að afskrifa þyrfti félagið að stórum hluta.

Stefndi byggir sýknukröfu sína einnig á brostnum forsendum.

V

Ágreiningur máls þessa lýtur að launakröfum stefnanda eftir að hann lét af störfum hjá stefnda í mars 2008. Byggir stefnandi kröfu sína á viðauka við ráðningarsamning, sem gerður var milli aðila í tilefni af starfslokum hans. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að ráðningarsamningi stefnanda hafi verið rift, að stefnandi hafi beitt svikum við gerð viðaukans, á 33. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936, sem og á því að forsendur fyrir viðauka við ráðningarsamning stefnanda hafi brostið.

Eins og að framan greinir byggir stefndi kröfu sína um sýknu á því að hann hafi rift samningi aðila þar sem stefnandi hafi brotið trúnaðarskyldu, samkvæmt 10. gr. ráðningarsamnings aðila, dagsettum 20. mars 2007. Felist brot stefnanda í því annars vegar að hann hafi lagt fram dómskjöl í málinu, sem merkt hafi verið trúnaðarmál, og þau dómskjöl hafi verið óþörf og innhald þeirra hafi ekkert með kröfu stefnanda að gera. Hins vegar felist brotið í því, að stefnandi hafi afhent fjölmiðlum afrit umræddra gagna.

Fallast má á það með stefnda að trúnaðarskylda stefnanda haldist á uppsagnarfresti hans. Hins vegar er ekki unnt að líta svo á, þó svo að krafa stefnanda sé um greiðslu launa, að það hafi verið með öllu óþarft að leggja fram í því máli bréf, þar sem stefnandi óskaði eftir að láta af störfum hjá stefnda og tíundaði ástæður uppsagnar sinnar. Getur það því ekki talist brot á trúnaðarskyldu stefnanda. Gegn neitun stefnanda hefur stefndi ekki sýnt fram á að stefnandi hafi afhent fjölmiðlum umrædd gögn eða trúnaðarupplýsingar úr þeim. Verður því ekki fallist á að stefnda hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi aðila á grundvelli 10. gr. samningsins, en

stefndi hefur ekki sýnt fram á að um önnur trúnaðargögn en ofangreind bréf hafi verið að ræða.

Stefnandi gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hann kvaðst ekki hafa stundað launaða vinnu eftir að hann lét af störfum hjá stefnda. Hann kvað tildrög þess að hann hætti störfum hjá stefnda vera tíunduð í uppsagnarbréfi sínu, en hann hafi verið ósáttur við ýmis málefni innan félagsins. Í framhaldi af því að hafi hann óskað eftir, við Sindra Sindrason stjórnarformann stefnda, að láta af störfum. Hafi þeir, í framhaldi af því, farið á lögmannsstofuna LOGOS til að ganga frá starfslokasamningi. Hann kvaðst þar hafa bent á, að gert hefði verið samkomulag um ákveðinn launastrúktúr fyrir stjórnendur félagsins út um allan heim samhliða breyttu skipulagi þess, sem kynnt hefði verið í félaginu í september/október 2007. Hafi nokkrir starfsmenn félagsins safnað upplýsingum um launakjör stjórnenda félagsins út um allan heim og hafi tillaga þessa hóps verið sú að laun yrðu tengd evru. Þessi tillaga hafi verið lögð fyrir Magnús Þorsteinsson, þáverandi stjórnarformann stefnda, og taldi stefnandi að tillagan hefði verið staðfest af honum í nóvember það ár. Í framhaldi af því hafi laun lykilstjórnenda verið leiðrétt í samræmi við samkomulagið. Hann kvaðst hins vegar ekki vita hvort tillagan hefði verið lögð fyrir stjórn félagsins. Samkvæmt gögnum hafi stjórn stefnda ekki samþykkt hækkun launa hans. Hins vegar hafi ekki verið búið að leiðrétta laun hans á þessum tíma í samræmi við samkomulagið. Kvaðst hann hafa sagt Pétri Guðmundarsyni lögmanni frá þessu og óskað eftir að leitað yrði upplýsinga hjá Stefáni Ágústi Magnússyni og Heiðrúnu Jónsdóttur, starfsmönnum stefnda. Í framhaldi af því hafi verið hringt í Heiðrúnu Jónsdóttur. Aðspurður kvaðst hann, sem forstjóri eins stærsta almenningshlutafélags á Íslandi, hafa borið ríkar þagnar- og trúnaðarskyldur sem hafi haldist á uppsagnarfresti og eftir starfslok, eða þar til brottinn hafi verið á honum réttur. Hann kvaðst ekki hafa farið í viðtal við Viðskiptablaðið í september 2008 varðandi það mál sem hér sé til umfjöllunar og ekki hafa afhent gögn úr málinu, hvorki Sjónvarpinu né Viðskiptablaðinu. Aðspurður um dótturfélag stefnda, Innovate, kvaðst hann ekki hafa komið að daglegum rekstri þess félags, en hafa verið í stjórn þess. Hann kvaðst ekki hafa mætt á alla stjórnarfundum félagsins. Hann kvaðst fyrst hafa fengið veður af því að rekstur félagsins gengi ekki sem skyldi hinn 14. febrúar 2008. Áður hafi komið upp mál varðandi endurskoðun á félaginu fyrir rekstrarárið 2006 og hafi þá verið sendir menn á vegum stefnda til að skoða reksturinn. Niðurstaða þeirrar skoðunar hafi litið dagsins ljós 14. febrúar 2008. Engar upplýsingar hafi legið fyrir fyrr en þá, um það hversu alvarleg staðan var. Hann

kvaðst hafa vitað að vandamál hafi verið komin upp í rekstri félagsins í október/nóvember 2007 og einnig vitað að endurskoðunarfyrirtækið KPMG hefði verið að endurgera EBITDA-tölur úr 15 milljónum evra í 6 milljónir evra. Í desember 2007 hafi verið haldinn fundur og alvaran fyrst komið þar fram, en stjórnarfundir hafi verið haldnir ársfjórðungslega. Hann kvaðst ekki hafa kynnt stjórn stefnda þessar upplýsingar, þar sem stjórnarformaður stefnda á þeim tíma, Magnús Þorsteinsson, hafi verið á þessum fundi. Upplýsingarnar hafi því örugglega verið kynntar stjórn félagsins. Stefnandi taldi sig ekki hafa brotið eftirlitsskyldur sínar gagnvart Innovate, en stjórnendum þessara félaga hafi borið að skila skýrslu til stefnda.

Sindri Sindrason, stjórnarformaður stefnda, gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hann kvaðst hafa verið í stjórn félagsins frá nóvember 2006, fyrst sem almennur stjórnarmaður fram til 20. desember 2007, er hann hafi tekið við sem stjórnarformaður. Hann kvaðst hafa samið við stefnanda um lok viðveru hans hjá stefnda 20. febrúar 2008. Launatölum samkvæmt ráðningarsamningi hafi ekki borið saman við þær launatölur sem stefnandi bar um. Stefnandi hafi átt rétt á 24 mánaða uppsagnarfresti samkvæmt ráðningarsamningi. Hann kvaðst hafa haldið að breyting á launum stefnanda hefði verið löglega frá gengin. Hann kvað ekki hafa staðið til að semja um neinar aukasporslur til handa stefnanda í sambandi við brotthvarf hans úr starfi heldur hafi átt að semja um sömu laun og verið hefðu. Um dótturfélag stefnda, Innovate, vissi hann lítið í desember 2007, en vissi þó út á hvað það gekk og kvaðst hann hafa heimsótt fyrirtækið. Starfsemi þess félags hafi verið kynnt stjórn stefnda sem fjárfesting sem menn montuðu sig af í tíma og ótíma. Rekstur sem kynntur hefði verið stjórn stefnda hafi gefið til kynna að fyrirtækið væri í rífandi formi. Er stefnandi og Stefán Magnússon hafi komið af fundi í fyrirtækinu í Bretlandi 18. febrúar, þar sem þeir hafi fundað með forstjórum og stjórnendum þess, hafi verið lagt fram áætlun til þess að losna við fyrirtækið, þar sem það hafi í raun verið komið á hausinn. Stjórnendur fyrirtækisins hafi ætlað að kaupa það og stefndi átt að aðstoða þá við að yfirtaka fyrirtækið og þar með að komast út úr rekstrinum. Mánuðina áður hafi áætlanir fyrir árið 2008 gert ráð fyrir að fyrirtækið skilaði 15 milljóna evra í EBITDA, og hafi þetta því komið á óvart. Þegar þarna var komið hafi stefndu fundist ýmsar forsendur í ráðningarsamningnum við stefnanda, svo sem bónusgreiðslur sem tóku mið af EBITDA-framgangi stefnda, ekki vera eðlilegar, en það hafi viktað inn í það að Innovate hafi verið farið fjandans til og talið hafi verið að menn hefðu mátt vita betur um ýmsa þessa hluti fyrr. Endurskoðendur og starfsmenn fjármáladeildar stefnda hafi

gert athugasemdir um Innovate eftir að hafa heimsótt fyrirtækið í september árið áður. Þær upplýsingar hafi aldrei komið inn á stjórnarborð Eimskips. Riftun á samningi stefnanda hafi komið fyrst til þegar trúnaðarupplýsingum hafi verið komið á framfæri við fjölmiðla. Gengið hafi verið frá starfslokasamningi stefnanda á skrifstofu LOGOS. Þar hafi verið haft samband við Heiðrúnu Jónsdóttur, vitnað í e-mail, þar sem tölur komu fram. Ekki hafi legið fyrir staðfest launahækkun til handa stefnanda og ekki hefði verið greitt eftir þessu. Kvaðst hann hafa talið að ekki væri verið að semja um launagreiðslur til handa stefnanda, en stefnandi hafi lagt málið þannig fyrir að hækkunin hefði verið samþykkt og hann því ekki haft ástæðu til að draga það í efa. Töluvert seinna fékk hann upplýsingar um að launahækkun hefði ekki verið tekin með löglegum hætti. Hafi það komið upp fyrst þegar skoðaðar voru forsendur sammingsins. Aðrir stjórnendur fyrirtækisins hafi fengið greitt samkvæmt þessu samkomulagi um breytt launaviðmið, en forstjóri ákveði laun undirmanna en ekki sín eigin laun. Aðspurður kvað hann Magnús Þorsteinsson hafa verið stjórnarformann Innovate sem og stefnda og haldið áfram stjórnarmennsku í Innovate eftir að hann hætti í stjórn stefnda.

Stefán Magnússon, fyrrverandi starfsmaður stefnda, en hann hætti þar í maí 2008, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins. Hann kvað stjórnarformann stefnda hafa haft samband við sig þann dag sem gengið var frá starfslokasamningi við stefnanda. Heiðrún Jónsdóttir hafi komið til hans og beðið hann um að vera með á símafundi. Hafi hún og komið með e-mail, með samþykkt stjórnarformanns á nýjum launastrúktúr. Hafi þau staðfest þetta á símafundinum. Breytt launafyrirkomulag hafi verið ákveðið haustið 2007 í kjölfar stækkunar stefnda vegna mikilla fjárfestinga erlendis. Kvaðst vitnið hafa unnið hjá stefnda fram í september 2008, m.a. varðandi Innovate-samsteypuna í Bretlandi. Kvað hann stjórnendum stefnda fyrst hafa orðið ljóst, að ekki var allt eins og það átti að vera í Innovate, í nóvember 2007, en ekkert hafi þá bent til þess að árið 2008 myndi fyrirtækið ekki ná þeim væntingum sem gerðar voru til þess. Alvarleg staða Innovate hafi verið kynnt í stjórn stefnda í febrúar 2008. Aðspurður kvaðst hann hafa stofnað fyrirtækið með stefnanda, en ekki væri mikil starfsemi í fyrirtækinu.

Pétur Guðmundarson hæstaréttarlögmaður gaf og skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hann kvaðst hafa komið að gerð umdeilds sammings við stefnanda ásamt stjórnarformanni stefnda. Rætt hafi verið um að stefnandi héldi þeim kjörum sem ráðningarsamningur hans kvað á um, en ágreiningur hafi verið um launatöluna. Til

Þess að finna það út hafi verið haft samband við Heiðrúnu Jónsdóttur og Stefán Magnússon. Borist hefði fax-skeyti frá Heiðrúnu sem vísaði í launanevnd en ekki hafi legið fyrir afgreiðsla launanevndarinnar. Stjórnarformaður stefnda hafi tekið ákvörðun um að 50 þúsund evrur væru settar inn í samninginn, enda yrði það þá leiðrétt síðar. Stjórnarformaðurinn hafi ekki dregið orð stefnanda um þetta í efa og ekki séð ástæðu til að setja inn fyrirvara varðandi launafjárhæð.

Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri lögfræði- og samskipasviðs stefnda, gaf og skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hún kvaðst ekki hafa komið að gerð umdeilds samnings, en hringt hefði verið í hana sama dag og hann var gerður og hún beðin um að koma með gögn á LOGOS, sem hún hafi og gert. Stefnandi hafi síðan hringt frá lögmannsstofunni í hana og beðið hana um að staðfesta launahækkun og vísað til þess að laun Stefáns Magnússonar hefðu verið hækkuð í nóvember. Hún hafi hins vegar ekki getað séð að í tölvupósti frá Magnúsi Þorsteinssyni, frá 21. nóvember hafi verið staðfest að laun stefnanda hefðu verið hækkuð. Aðspurð kvaðst hún aldrei hafa verið boðuð í launanevnd. Hún kvað stjórn félags hverju sinni ákveða laun forstjóra, en forstjóri geti breytt launakjörum annarra starfsmanna, eins og lög geri ráð fyrir. Hún kvaðst ekki hafa tekið þátt í endurskoðun launa stjórnenda stefnda á haustmánuðum 2007, en tekið saman, vegna bónusgreiðslna stjórnenda, launakjör allra stjórnenda, bæði á Íslandi og erlendis, hjá dótturfyrirtækjum stefnda.

Stefnandi, sem var forstjóri stefnda, lét af störfum hjá stefnda 1. mars 2008, samkvæmt svokölluðum viðauka við ráðningarsamning forstjóra HF. Eimskipafélags Íslands, dagsettum 20. febrúar 2008. Samkvæmt þeim samningi skyldu laun stefnanda samkvæmt ráðningarsamningi hans vera 50.000 evrur á mánuði, sem greiðast skyldu frá og með 1. mars 2008 til 28. febrúar 2010. Samkvæmt framburði stefnanda og annarra þeirra sem skýrslu gáfu fyrir dómi, sem og gögnum málsins, mátti ljóst vera, að á þeim tíma sem skrifað var undir viðaukann, var ýmislegt að í rekstri stefnda. Kom fram að þá hafi verið að koma í ljós að fjárfestingar stefnda voru langt frá því að vera eins góðar og talið hafði verið, og stjórnendum félagsins hefði mátt vera ljós staða þess mun fyrr. Þá kemur og fram í áðurgreindu bréfi stefnanda til stefnda, þar sem hann óskar eftir að láta af störfum, að ímynd félagsins væri í hættu vegna rannsóknar Fjármálaeftirlitsins vegna fjárfestinga félagsins. Hefur og komið á daginn að félagið stendur mjög illa. Bar stefnandi svo, að þessi breytti launastrúktúr, sem m.a. fól í sér stórkostlega hækkun á launum hans, hefði komið til vegna stækkunar stefnda og mikilla umsvifa fyrirtækisins á erlendri grund. Ekki liggur fyrir að þessi

hækkun á launum stefnanda hafi verið borin undir stjórn félagsins og hefur stefnandi ekki mótmælt því að svo hafi ekki verið gert. Þá hafði stefnandi ekki áður fengið greidd laun í samræmi við þá verulegu hækkun, sem hann sagði á fundi sínum við gerð viðaukans, að orðið hefðu á launum sínum. Þegar litið er til þessa, sem og aðdraganda þess að samið var um þessi breyttu laun í margnefndum viðauka, sem fram kom í skýrslum stefnanda og vitna við aðalmeðferð málsins, svo og þess að stefnanda var kunnugt um að laun hans höfðu ekki verið samþykkt af stjórn félagsins, átti stefnanda að vera ljóst að stjórnarformaður stefnda hafi ekki umboð stjórnarinnar til að samþykkja þessar háu launagreiðslur, sbr. 79. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Ber því að fallast á það með stefnda að stefnandi hafi, gegn betri vitund, misnotað aðstöðu sína og ber því að ógilda samninginn á grundvelli 30. gr. laga nr. 7/1936. Verður því þegar af þeirri ástæðu tekin til greina sýknukrafa stefnda.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir rétt, eins og atvikum málsins er háttað, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, hf. Eimskipafélag Íslands, er sýkn af kröfum stefnanda, Baldurs Guðnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Hervör Þorvaldsdóttir

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Reykjavíkur 3. júlí 2009.

